

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 145/2016

2018/EES/16/12

frá 8. júlí 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/305 frá 3. mars 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið gentamísín ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/312 frá 4. mars 2016 um leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið tylvalósín ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í 13. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32016 R 0305:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/305 frá 3. mars 2016 (Stjtúð. ESB L 58, 4.3.2016, bls. 35).
– **32016 R 0312:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/312 frá 4. mars 2016 (Stjtúð. ESB L 60, 5.3.2016, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2016/305 og (ESB) 2016/312, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. júlí 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ⁽³⁾.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.

⁽¹⁾ Stjtúð. ESB L 58, 4.3.2016, bls. 35.

⁽²⁾ Stjtúð. ESB L 60, 5.3.2016, bls. 3.

⁽³⁾ Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.